

17. febrúar 2021

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags-Íbúabyggð á Leirusvæði á Höfn

Með tölvupósti dags. 16.02 sl. óskaði umhverfis- og skipulagsstjóri sveitarfélagsins eftir umsögn HAUST um skipulagslýsingu vegna vinnu við nýtt deiliskipulag á Leirusvæði á Höfn, auk lítilsháttar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Til grundvallar var skipulagslýsing frá AKS arkitektum dagsett í febrúar 2021.

Fram kemur að tilgangur skipulagsvinnunnar sé m.a. að auka lóðaframboð á svæðinu og bjóða upp á lóðir fyrir fjölbreytt íbúðahúnæði á Höfn.

Fram kemur að ekkert formlegt deiliskipulag sé til fyrir svæðið í heild og að hluti af eldra deiliskipulagi verði fellt úr gildi. Jafnframt kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felist í því að fjölga íbúðum á Leirusvæði 2 (ÍB-2) úr 20-30 í allt að 40.

Af hálfu Heilbrigðisnefndar eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún er sett fram í ofangreindum gögnum. Embættið gerir ráð fyrir að fá skipulagstillögur til umsagnar á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

